

## **Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum 24.08.2015 á skrifstofu skólameistara.**

Mætt voru: Hallur Reynisson skólameistari, Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Erlingur Teitsson, Guðrún Tryggvadóttir, Guðrún María Valgeirsdóttir og Birna Björnsdóttir fulltrúi kennara.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsstaða FL.  
Skólameistari Hallur fór yfir fjárhagsstöðuna. Kom fram að fjárhagsleg staða er nánast á áætlun og með aukafjárveitingu sem hefur verið lofað í árslok verði unnt að greiða uppsafnaða skuld við ríkið.
2. Nemendafjöldi FL.  
107 nemendur hafa staðfest komu sína í skólann sem settur verður 30.08. n.k.
3. Rekstur og þróun útibúa.  
Fram kom að útibúið á Þórshöfn verður rekið með sama sniði og verið hefur og verða 8 nemendur það við nám.  
Þá er gert ráð fyrir að útibú með sama sniði og á Þórshöfn verði starfsrækt á Vopnafirði að ári.
4. Þróun kennsluhátta og endurmenntunarnámskeið.  
Kynnt var kennslufyrirkomulag sem er í þróun m.a. hjá Keili á Reykjanesi og kallast. t.d. vendikennsla.  
Koma kennarar frá Keili þrisvar á þessari önn til að leiðbeina um þetta kennslufyrirkomulag.
5. Staða og horfur í stjórnun skólans.  
Kynntar hugmyndir um fyrirkomulag framhaldsmenntunar í Þingeyjarsýslu.  
Kynnt var niðurstaða síðasta skólanefndarfundar dags. 18.08. s.l.
6. Önnur mál.  
Fram hafur komið ósk frá skólameistara um að hann fái að sækja ráðstefnu í Króatíu sem fjalla mun um tölvunotkun í skólastarfi.  
Skólanefnd mælir með því að skólameistari fari á umrædda ráðstefnu.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17.50.